





Útbúnir voru fjórir kassar með mynd af þeim hugmyndum sem komu af hverri deild og útbúnir miðar fyrir hvert og eitt barn með krossi á. Í framhaldi fengu börnin að kjósa með því að stinga sínum miða í kassann með þeirri hugmynd sem þau vildu helst. Kosningin var að sjálfsögðu leynileg.



Þær hugmyndir sem komu í þetta skiptið voru gróðurhús, fótballtákn, fleiri búningar í leikskólann og Húsdýragarðurinn.

Þegar öll börn skólans voru búin að kjósa lá fyrir að Húsdýragarðurinn fékk meirihluta atkvæði þetta árið.

Verkefnið er í þróun og höfum við í huga fyrir næsta ár að reyna að beina athyglinni frekar að nánasta umhverfi svo fjárhæðin nýtist í skólaumhverfi barnanna.

*Unnið af stjórnendateymi Kópahvols*

